

Umhverfis- og skipulagsráð

Ár 2015, miðvikudaginn 14. október kl. 09:07, var haldinn 122 fundur umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Borgartúni 12 - 14, 7. hæð. Vindheimum. Viðstaddir voru: Hjálmar Sveinsson, S. Björn Blöndal, Gísli Garðarsson, Sverrir Bollason, Júlíus Vífill Ingvarsson, Áslaug María Friðriksdóttir, Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttir og Sigurborg Ó Haraldsdóttir áheyrnarfulltrúi. Eftirtaldir embættismenn sátu fundinn: Ólöf Örvarsdóttir, Örn Sigurðsson, Björn Axelsson, Nikulás Úlfar Músson, Ágústa Sveinbjörnsdóttir, Ólafur Bjarnason, Magnús Ingi Erlingsson og Marta Grettisdóttir Fundarritari var Björgvin Rafn Sigurðarson.

Þetta gerðist:

(A) Skipulagsmál

1. **Afgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur, fundargerð** Mál nr. SN010070

Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar skipulagsfulltrúa Reykjavíkur dags. 9. október 2015.

2. **Háskóli Íslands, rammaskipulag** (01.6) Mál nr. SN150537
420299-2069 ASK Arkitektar ehf., Geirsgötu 9, 101 Reykjavík
450400-3510 VA arkitektar ehf, Borgartúni 6, 105 Reykjavík

Kynnt drög að tillögu Ask arkitekta ehf.og VA atkitekta, dags. september 2015, að rammaskipulagi Háskólasvæðisins.

Fulltrúar Háskóla Íslands Sigurlaug I. Lövdahl, Guðmundur R. Jónsson, Aron Ólafsson, Helga Bragadóttir og Eiríkur Hilmarsson kynna.

(D) Ýmis mál

3. **Ægisíða. Grímstaðavör, framtíð grásleppuskúra** Mál nr. US150223

Fulltrúi borgarsögusafns kynnir framtíðarsýn fyrir grásleppuskúra við Grímstaðavör við Ægisíðu.

Fulltrúi Borgarsögusafns Guðbrandur Benediktsson kynnir.

(A) Skipulagsmál

4. **1.172.0 Brynjureitur, allur reiturinn, breyting á deiliskipulagi** (01.172.0) Mál nr. SN150207
671106-0750 Þingvangur ehf., Hlíðasmára 9, 201 Kópavogur

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs varðandi breytingu á deiliskipulagi reits 1.172.0, Brynjureits, samkvæmt uppdr. Ark Studio ehf. og Urban arkitekta ehf. 14. apríl 2015. Deiliskipulagsbreytingin felst í að samræma þann hluta deiliskipulags Brynjureits, stgr. 1.172.0, sem samþykkt var 2003 og 2006 þeim deiliskipulagsbreytingum sem tóku gildi árið 2013, en breytingarnar náðu aðeins til lóðanna Laugavegs 23/ Klapparstígs 31, Laugavegs 27a/ Hverfisgötu 40 - 42 og Laugavegs 27b /Hverfisgötu 44. Breytingar eru uppfærðar og skipulagsskilmálar alls reitsins eru endurskoðaðir og samræmdir. Auk þess er nú gert ráð fyrir breytingum á lóðum að Laugavegi 27 og 29 vegna laga um menningarminjar sem tóku gildi 1. janúar 2013. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 2. júní 2015 um athugasemdir sem bárust vegna hagsmunaaðilakynningar. Lagt fram nýtt bréf Pálma Harðarsonar f.h. Þingvangs ehf. dags. 3. júlí 2015 ásamt lagfærðum

uppdráttum, dags. 14. apríl 2015, síðast br. 30. september 2015. Tillagan var auglýst frá 27. júlí til og með 8. september 2015. Eftirtaldir aðilar sendi athugasemdir: Tómas Hrafn Sveinsson hrl. f.h. Húsfélagsins að Klapparstíg 29, dags. 3. september 2015. Einnig er lögð fram umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 10. september 2015 ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. október 2015.

Samþykkt með þeim breytingum sem fram koma í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. október 2015.

Vísað til borgarráðs.

Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttir víkur af fundi undir þessum lið.

Margrét Þormar verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

5. **Örfirisey, deiliskipulag** (01.1) Mál nr. SN140611
530269-7529 Faxaflóahafnir sf., Tryggvagötu 17, 101 Reykjavík

Að lokinni auglýsingu er lagt fram að nýju bréf Faxaflóahafna sf. dags. 14. nóvember 2014 ásamt tillögu Teiknistofu arkitekta Gylfa Guðjónssonar og félaga ehf. dags. 11. nóvember 2014 að deiliskipulagi Örfiriseyjar. Á fundi skipulagsfulltrúa 10. apríl 2015 var tillögunni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt bréfi Faxaflóahafna dags. 29. júní 2015 og breyttum deiliskipulagsuppdráttum dags. 29 júní 2015. Tillagan var auglýst frá 20. júlí til og með 31. ágúst 2015. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Íbúasamtök Vesturbæjar, dags. 31. ágúst 2015, GP arkitektar f.h. eigenda Fiskislóðar 31, dags. 26. ágúst 2015, Berglind Svavarsdóttir og Jón Ármann Guðjónsson f.h. Lindbergs ehf., dags. 25. ágúst 2015, Kjartan Rafnsson f.h. S.K.Ó., dags. 31. ágúst 2015 og Guðjón Sverrir Rafnsson f.h. Miðfells ehf., dags. 31. ágúst 2015. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 22. september 2015.

Fulltrúar Samfylkingarinnar Hjálmar Sveinsson og Sverrir Bollason, fulltrúi Bjartrar framtíðar S. Björn Blöndal og fulltrúi Vinstrihreyfingarinnar-græns framboðs Gísli Gardarsson samþykkja framlagða tillögu með þeim breytingum sem fram koma í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 22. september 2015.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins Júlíus Vífil Ingvarsson og Áslaug María Friðriksdóttir og fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttir greiða atkvæði á móti tillögunni og bóka:

“Tillaga að deiliskipulagi Örfiriseyjar horfir ekki til framtíðar og þeirra fjölmörgu tækifæra til byggðarþróunar sem geta legið í nýtingu þessa svæðis. Tillagan sem fulltrúar meirihlutans leggja hér fram er að mestu staðfesting á úreltum skipulagsáætlunum sem fyrir löngu er orðið tímabært að færa til nútímalegra horfs. Hér skortir hugmyndaauðgi og frjóar tillögur sem miða að því að gera svæðið áhugavert og styðja við nærliggjandi íbúðarbyggð í Vesturbænum ásamt því að tengja það við miðborg Reykjavíkur. Veitinga- og listamenn sem fóru að starfa í gömlu verbúðunum fyrir sex árum hafa opnað augu þeirra sem stunda atvinnurekstur í Örfirisey fyrir því að hafnsækin starfsemi og iðandi mannlíf borgarbúa og aðkomufólks fer vel saman. Því til staðfestingar er stærsta útgerðarfyrirtæki landsins, Grandi, nú að bjóða listasöfnum að hefja starfsemi í elsta hluta starfsstöðvar sinnar þar sem einnig er stefnt að veitingarekstri. Engu líkara er en að Örfirisey hafi gleymst í því aðalskipulagi Reykjavíkur sem samþykkt var árið 2014. Sem dæmi má nefna að þar er sett fram sú stefna að útiloka landfyllingar næstu áratuginna. Að baki slíki stefnu liggur engin vinna, engar samanburðaráætlanir, ekkert samráð eða hugmyndaleit að fjölbreytilegri nýtingu sem svæðið býður upp á. Með þessari gamaldags tillögu að deiliskipulagi Örfiriseyjar er verið að glata tækifæri til að glæða borgina lífi og samtvinna atvinnu- og íbúðabyggð með spennandi hætti.

Fulltrúar Samfylkingarinnar Hjálmar Sveinsson og Sverrir Bollason, fulltrúi Bjartrar framtíðar S. Björn Blöndal, og fulltrúi Vinstrihreyfingarinnar-græns framboðs Gísli Gardarsson bóka:

„Tillagan að deiliskipulagi Örfiriseyjar er í samræmi við þá stefnu borgarinnar að gamla hafnarsvæðið í Reykjavík dafni sem vettvangur fjölbreyttrar atvinnustarfsemi.

Við Örfirisey er ein stærsta sjávarútvegshöfn landsins. Deiliskipulagið verndar þá starfsemi. Stór hluti hafnarsvæðisins við Austurhöfn, Suðurhöfn og Vesturbugt er nú helguð menningarstarfsemi, íbúðaruppbyggingu, hótélstarfsemi, verslunum og veitingastöðum. Fyrir vikið hefur skapast skemmtilegt mannlíf og einstakt sambýli ólíkra atvinnugreina á hafnarsvæðinu. Öflug sjávarútvegsstarfsemi er lykilatriði í þessu samspili og mikilvægt að halda opnum möguleikum á eflingu hennar á svæðinu.“

Fulltrúi Samfylkingarinnar Sverrir Bollason bókar:

„Ég tel að nýta hefði mátt tækifærið við skipulagsgerðina til að bæta með markvissum hætti umferð gangandi og hjólandi að þeim verslunar- og þjónustusvæðum sem má finna næst íbúðabyggðinni. Aðgengismál þar eru alls ekki til fyrirmyndar. Slíkar framkvæmdir geta þó að einhverju leyti farið fram án þess að skipulagi sé breytt og væri óskandi að slíkt mætti verða“

Vísað til borgarráðs.

Margrét Þormar verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

6. **Efstasund 47, breyting á deiliskipulagi** (01.357.3) Mál nr. SN150441
110584-3189 Árni Gunnar Ingþórsson, Efstasund 47, 104 Reykjavík
700896-2429 Vektor, hönnun og ráðgjöf ehf., Hamraborg 11, 200 Kópavogur

Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Árna Gunnars Ingþórssonar mótt. 7. ágúst 2015 varðandi breytingu á deiliskipulagi reits 1.3 og 1.4, Sundin, vegna lóðarinnar nr. 47 við Efstasund. Í breytingunni felst að stækkunarheimildum er breytt þannig að byggingarreitur til austurs er minnkaður um 3 metra og settur er inn nýr byggingarreitur til suðurs 3 metra frá núverandi húsi. Ef viðbygging verður ein hæð er heimilt að nýta þak hennar fyrir verönd/sólskála, samkvæmt uppdr. Vektor, hönnun og ráðgjöf ehf. ódags. Tillagan var grenndarkynnt frá 20. ágúst til og með 17. september 2015. Að lokinni kynningu barst athugasemd dags. 23. september 2015 frá Hauki Haukssyni f.h. eigenda að Efstasundi 49, en hún hafði borist til byggingarfulltrúa á kynningartímanum. Einnig er lögð fram umsógn skipulagsfulltrúa dags. 30. september 2015.

Samþykkt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 30. september 2015.

Vísað til borgarráðs.

Lilja Grétarsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

7. **Steinagerði 19, breyting á deiliskipulagi** (01.816.2) Mál nr. SN150496
670607-1510 Plúsbílar ehf, Steinagerði 5, 108 Reykjavík

Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Plúsbíla ehf., dags. 27. ágúst 2015, varðandi breytingu á deiliskipulagi Teigagerðis vegna lóðarinnar nr. 19 við Steinagerði. Í breytingunni felst að lögum byggingarreits er breytt þannig að hann minnkar til austurs og stækkar til vesturs. heimildir er varða byggingamagn og húshæðir eru óbreyttar, samkvæmt uppdr. Arkþings ehf., dags. 27. ágúst 2015. Tillagan var grenndarkynnt frá 3. september til og með 1. október 2015.

Engar athugasemdir bárust.

Samþykkt.

Vísað til borgarráðs.

8. **Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030, reitur 1.154.3, Barónsreitir, breyting á aðalskipulagi Reykjavíkur** (01.154.3) Mál nr. SN150391

Lögð fram tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 vegna Barónsreits, dags. október 2015. Breytingin gengur út á stefnu um hæðir húsa og fjölda íbúða á reitnum. Einnig er lagðar fram umsagnir Skipulagsstofnunar, dags. 2. september 2015 og Hverfisráðs Miðborgar, dags. 25. september 2015.

*Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu sbr. 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010
Vísað til borgarráðs.*

*Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins Júlíus Vífill Ingvarsson og Áslaug María Friðriksdóttir
sitja hjá við afgreiðslu málsins*

Haraldur Sigurðsson deildarstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

9. **Reitur 1.154.3, Barónsreitur, breyting á** (01.154.3) Mál nr. SN150370
deiliskipulagi
130272-5769 Halldór Eiríksson, Fífusel 26, 109 Reykjavík

Lögð fram umsókn Halldórs Eiríkssonar arkitekts fh lóðarhafa, dags. 29. júní 2015, um breytingu á deiliskipulagi staðgreinireits 1.154.3, Barónsreits, skv. uppdráttum Tark, dags. 6. júlí 2015, síðast breyttir 24. ágúst 2015.

Reiturinn afmarkast af lóðarmörkum Hverfisgötu 83 og Vitastíg í vestri, Skúlagötu til norðurs, lóðarmörkum Skúlagötu 32-34 og Barónsstíg 2-4 í austur og Hverfisgötu til suðurs. Í breytingunni felst talsverð breyting á vesturhluta reitsins. Meðal annars breytist fyrirkomulag bygginga við Skúlagötu úr þremur turnbyggingum yfir í 5-8 hæða randbyggð og eina turnbyggingu. Fyrirkomulag bygginga við Hverfisgötu breytist úr tveimur 4-5 hæða samsíða byggingum yfir í 4-5 hæða randbyggð.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísað til borgarráðs.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins Júlíus Vífill Ingvarsson og Áslaug María Friðriksdóttir sitja hjá við afgreiðslu málsins

Halldór Eiríksson fulltrúi Tark og Lilja Grétarsdóttir verkefnisstjóri taka sæti á fundinum undir þessum lið.

(B) Byggingarmál

10. **Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa,** Mál nr. BN045423
Fundargerð

Fylgiskjal með fundargerð þessari er fundargerðir afgreiðslufunda byggingarfulltrúa nr. 846 frá 13. október 2015.

(C) Fyrirspurnir

11. **Engjateigur 7, (fsp) nýr byggingarreitur,** (01.366.5) Mál nr. SN150255
fækkun bílastæða o.fl.
540671-0959 Iceland Construction hf., Bugðuflijóti 19, 270 Mosfellsbær
531107-0550 Arkís arkitektar ehf., Kleppsvegi 152, 104 Reykjavík

Á fundi skipulagsfulltrúa 2. september 2015 var lögð fram fyrirspurn Ístaks hf., dags. 5. maí 2015, um að afmarka nýjan byggingarreit fyrir hliðhús syðst á lóðinni nr. 7 við Engjateig, girða lóðina af, færa innkeyrslu, fækka bílastæðum o.fl., samkvæmt uppdr. Arkís arkitekta ehf. dags. 5. maí 2015. Einnig er lagt fram bréf Arkís arkitekta ehf., dags. 5. maí 2015. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar hverfisráðs Laugardals og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn hverfisráðs Laugardals, dags. 1. október 2015. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. október 2015.

Umhverfis- og skipulagsráð gerir ekki athugasemd við að fyrirspyrjandi láti vinna breytingu á deiliskipulagi á eigin kostnað og í samvinnu við verkefnisstjóra hjá skipulagsfulltrúa eins og fram kemur í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. október 2015.

Lilja Grétarsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

(D) Ýmis mál

12. **Umhverfis- og skipulagssvið, Ráðstefna í tengslum við umhverfisverðlaun Norðurlandaráðs 2015** Mál nr. US150224

Kynnt drög að ráðstefnu sem haldin verður 27. október 2015 í tengslum við Náttúru- og umhverfisverðlaun Norðurlandaráðs 2015.

13. **Grjótaþorp og Kvosin, verklagsreglur varðandi starfssemiskvóta** (01.136) Mál nr. SN150341

Lögð fram drög að verklagsreglum skipulagsfulltrúa dags. september 2015 varðandi starfssemiskvóta á deiliskipulagssvæði Kvosar og Grjótaþorps.

Áheyrnarfulltrúi Pírata Sigurborg Ó. Haraldsdóttir vikur af fundi kl.11:55 þá átti eftir að afgreiða mál nr. 5 8 og 9 hér fyrir á dagskránni.

14. **Laugavegur 3, friðlýsing** (01.171.0) Mál nr. SN150564
440113-0280 Minjastofnun Íslands, Suðurgötu 39, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf Minjastofnunar, dags. 15. september 2015, varðandi undirbúning tillögu að friðlýsingu hússins nr. 3 við Laugaveg.

15. **Garðastræti 17, kæra 57/2014, umsögn** Mál nr. SN140352
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 1. júlí 2014 ásamt kæru dags. 1. júlí 2014 þar sem kærð er breyting á deiliskipulagi fyrir Garðastræti 17. Einnig lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu sviðsstjóra, dags. 20. ágúst 2014. Erindi var síðast lagt fyrir umhverfis- og skipulagsráð 3. september 2014. *Með vísan til úrskurða Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála í málunum nr. 1/2014, 37/2014 og 51/2014, þar sem kærur var vísað frá á grundvelli þess að viðaukar við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp Borgarstjórnar hafi ekki verið í gildi á þeim tíma þegar þau voru afgreidd í Umhverfis- og skipulagsráði og málin því ekki hlotið endanlega afgreiðslu sveitarstjórnar, er samþykkt Umhverfis- og skipulagsráðs á breytingu deiliskipulags vísað til staðfestingar borgarráðs.*

16. **Hverfisgata 16 og 16A, kæra 67/2015, umsögn** (01.171.0) Mál nr. SN150482
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 20. ágúst 2015 ásamt kæru þar sem kærð er breyting á deiliskipulagi vegna lóðar nr.16 og 16A við Hverfisgötu. Einnig er lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu sviðsstjóra, dags. 6. október 2015.

Með vísan til úrskurða Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála í málunum nr. 1/2014, 37/2014 og 51/2014, þar sem kærur var vísað frá á grundvelli þess að viðaukar við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp Borgarstjórnar hafi ekki verið í gildi á þeim tíma þegar þau voru afgreidd í Umhverfis- og skipulagsráði og málin því ekki hlotið endanlega afgreiðslu sveitarstjórnar, er samþykkt Umhverfis- og skipulagsráðs á breytingu deiliskipulags vísað til staðfestingar borgarráðs.

17. **Njarðargata 25, kæra 73/2013, umsögn, úrskurður** (01.186.5) Mál nr. SN130367

Lagt fram bréf úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 25. júlí 2013 ásamt kæru, dags. 19. júlí 2013 vegna samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs frá 8. maí 2013 á breyttu deiliskipulagi Nönnugötureits vegna lóðar nr. 25 við Njarðargötu. Einnig lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra, dags. 29. október 2013. Jafnframt er lagður fram úrskurður umhverfis- og auðlindamála frá 29. september 2015. Úrskurðarorð: Hafnað er kröfu kæranda um ógildingu á ákvörðun borgarráðs Reykjavíkur frá 30. maí 2013 um að samþykkja breytingu á deiliskipulagi staðgreinireits 1.185.6, Nönnugötureits.

Með vísan til úrskurða Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála í málunum nr. 1/2014, 37/2014 og 51/2014, þar sem kærum var vísað frá á grundvelli þess að viðaukar við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp Borgarstjórnar hafi ekki verið í gildi á þeim tíma þegar þau voru afgreidd í Umhverfis- og skipulagsráði og málin því ekki hlotið endanlega afgreiðslu sveitarstjórnar, er samþykkt Umhverfis- og skipulagsráðs á breytingu deiliskipulags vísað til staðfestingar borgarráðs.

18. **Grundarstígsreit, kæra 100/2011,** (01.18) Mál nr. SN120012
umsögn, úrskurður
621299-4179 Úrskurðarnefnd skipul/byggmál, Skúlagötu 21, 101 Reykjavík

Lögð fram kæra til Úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála dags. 12. desember 2011 þar sem kærð er deiliskipulagsákvörðun fyrir Grundarstígsreit. Einnig er lögð fram umsögn lögfræði og stjórnarsýslu dags. 2. apríl 2012. Jafnframt er lagður fram úrskurður umhverfis- og auðlindamála frá 1. október 2015. Úrskurðarorð: Felld er úr gildi ákvörðun borgarráðs Reykjavíkur frá 22. september 2015 um að samþykkja deiliskipulag fyrir Grundarstígsreit.

Með vísan til úrskurða Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála í málunum nr. 1/2014, 37/2014 og 51/2014, þar sem kærum var vísað frá á grundvelli þess að viðaukar við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp Borgarstjórnar hafi ekki verið í gildi á þeim tíma þegar þau voru afgreidd í Umhverfis- og skipulagsráði og málin því ekki hlotið endanlega afgreiðslu sveitarstjórnar, er samþykkt Umhverfis- og skipulagsráðs á breytingu deiliskipulags vísað til staðfestingar borgarráðs.

19. **Brautarholt 7, kæra 31/2014, umsögn,** (01.242.0) Mál nr. SN140206
úrskurður
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 16. apríl 2014 ásamt kæru dags. 15. apríl 2014 þar sem kærð er samþykkt borgarráðs frá 20. febrúar 2014 á breytingu á deiliskipulagi lóðar nr. 7 við Brautarholt. Einnig er lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs dags. 22. apríl 2014. Jafnframt er lagður fram úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá 8. október 2015. Úrskurðarorð: Hafnað er kröfu kæranda um ógildingu á ákvörðun borgarráðs frá 20. febrúar 2014 um að samþykkja nýtt deiliskipulag fyrir reitinn Brautarholt 7.

Hafnað er kröfu kæranda um ógildingu á ákvörðun byggingarfulltrúans í Reykjavík frá 28. júlí 2015 um að veita leyfi til að byggja stúdentagarða, tvær steinsteyptar þriggja hæða byggingar með 102 íbúðareiningum, sem umlykja innigarð, og bílakjallara fyrir 19 bíla á lóð nr. 7 við Brautarholt.

Hafnað er kröfu kæranda um ógildingu á ákvörðun byggingarfulltrúans í Reykjavík frá 18. ágúst 2015 um að veita takmarkað byggingarleyfi fyrir aðstöðusköpun og jarðvinnu á lóð nr. 7 við Brautarholt.

Með vísan til úrskurða Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála í málunum nr. 1/2014, 37/2014 og 51/2014, þar sem kærum var vísað frá á grundvelli þess að viðaukar við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp Borgarstjórnar hafi ekki verið í gildi á þeim tíma þegar þau voru afgreidd í Umhverfis- og skipulagsráði og málin því ekki hlotið endanlega afgreiðslu sveitarstjórnar, er samþykkt Umhverfis- og skipulagsráðs á breytingu deiliskipulags vísað til staðfestingar borgarráðs.

20. **Túngötureitur, kæra 98/2011, umsögn,** (01.137.4) Mál nr. SN110520
úrskurður
621299-4179 Úrskurðarnefnd skipul/byggmál, Skúlagötu 21, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála dags. 8. desember 2011 ásamt kæru dags. 30. nóvember 2011 þar sem kært er deiliskipulag Túngötureits. Einnig lögð fram umsögn lögfræðings umhverfis- og skipulagssviðs dags. 21. janúar 2014. Jafnframt er lagður fram úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá 8. október 2015. Úrskurðarorð: Hafnað er kröfu kæranda um ógildingu á ákvörðun borgarráðs Reykjavíkur frá 3. nóvember 2011 um að samþykkja tillöguna að deiliskipulagi fyrir Túngötureit.

Með vísan til úrskurða Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála í málunum nr. 1/2014, 37/2014 og 51/2014, þar sem kærur var vísað frá á grundvelli þess að viðaukar við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp Borgarstjórnar hafi ekki verið í gildi á þeim tíma þegar þau voru afgreidd í Umhverfis- og skipulagsráði og málin því ekki hlotið endanlega afgreiðslu sveitarstjórnar, er samþykkt Umhverfis- og skipulagsráðs á breytingu deiliskipulags vísað til staðfestingar borgarráðs.

21. **Stóragerði 40-46, kæra 21/2008, umsögn,** (01.803.1) Mál nr. SN080395
úrskurður
621299-4179 Úrskurðarnefnd skipul/byggmál, Skúlagötu 21, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf frá úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála dags. 28. maí 2008 ásamt kæru dags. 19. mars 2008 þar sem kærð er breyting á deiliskipulagsáætlun Stóragerðis 40-46 sem var samþykkt á fundi skipulagsráðs þann 16. janúar 2008. Breytingin var auglýst þann 26. febrúar 2008. Einnig er lögð fram umsögn lögfræði og stjórnáslu, dags. 22. september 2008. Jafnframt er lagður fram úrskurður umhverfis- og auðlindamála frá 8. október 2015. Úrskurðarorð: Hafnað er kröfu kæranda um ógildingu á ákvörðun borgarráðs Reykjavíkur frá 7. febrúar 2008 er lítur að breyttum mörkum deiliskipulags Espigerðis frá árinu 1971.

Með vísan til úrskurða Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála í málunum nr. 1/2014, 37/2014 og 51/2014, þar sem kærur var vísað frá á grundvelli þess að viðaukar við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp Borgarstjórnar hafi ekki verið í gildi á þeim tíma þegar þau voru afgreidd í Umhverfis- og skipulagsráði og málin því ekki hlotið endanlega afgreiðslu sveitarstjórnar, er samþykkt Umhverfis- og skipulagsráðs á breytingu deiliskipulags vísað til staðfestingar borgarráðs.

22. **Umhverfis- og skipulagsráð, varðandi** Mál nr. US150227
handbók, tillaga varðandi handbók fyrir
framkvæmdaaðila

Fulltrúi Samfylkingarinnar Sverrir Bollason lagði fram eftirfarandi tillögu: Umhverfis- og skipulagsráð felur sviðsstjóra að útbúa handbók fyrir framkvæmdaraðila sem eru að byggja í grónum hverfum. Bæklingurinn geri grein fyrir þeim reglum sem gildi um umgengni á byggingarstöðum og kynni þær með skýrum og aðgengilegum hætti. Þar verði teknar saman og samræmdar kröfur í lögum, reglugerðum og þeim samþykktum sem Reykjavíkurborg hefur sett fram. Leitað skal samstarfs við Vinnueftirlit Ríkisins og Umhverfisstofnunar um fjármögnun, vinnslu og útgáfu bæklingins.
Frestað.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 13:45.

Fundargerðin lesin yfir og undirrituð

Hjálmar Sveinsson

S. Björn Blöndal
Gísli Garðarsson
Áslaug María Friðriksdóttir

Sverrir Bollason
Júlíus Vífill Ingvarsson
Guðfinna Jóh. Guðmundsdóttir

Afgreiðsla byggingarfulltrúa samkv. samþykkt nr. 161/2005

Árið 2015, þriðjudaginn 13. október kl. 10:14 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 846. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn í fundarherberginu 2. hæð Borgartúni 12-14. Þessi sátu fundinn: Björgvin Rafn Sigurðarson, Óskar Torfi Þorvaldsson, Eva Geirsdóttir, Nikulás Úlfar Mátsson, Sigrún Reynisdóttir, Björn Kristleifsson og Jón Hafberg Björnsson

Fundarritari var Björgvin Rafn Sigurðarson

Þetta gerðist:

Nýjar/br. fasteignir

- Aðalstræti 6** (01.136.502) 100592 Mál nr. BN049938
711208-0700 Reitir fasteignafélag hf., Kringlunni 4-12, 103 Reykjavík
Sótt er um leyfi til breytinga á innra skipulagi á skrifstofum og úrbótum á salernum á 7. hæð í húsi á lóð nr. 6 við Aðalstræti.
Gjald kr. 9.823
Frestað.
Samkvæmt gögnum embættisins er lágmarksgjald ógreitt.
- Bergþórugata 23** (01.190.326) 102458 Mál nr. BN049455
691191-1099 ÁF-Hús ehf, Bæjarlind 4, 201 Kópavogur
671102-3040 Kaffihúsið ehf., Bergþórugötu 23, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja tveggja hæða viðbyggingu með kjallara og risi, innréttá þrjár nýjar íbúðir og til að gera tvennar svalir á rishæð húss á lóð nr. 23 við Bergþórugötu.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 12. júní 2015 fylgir erindinu ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. júní 2015.
Erindi fylgir umboð eiganda dags. 19. maí 2015.
Stækkun: xx ferm.,xx rúmm.
Gjald kr. 9.823
Frestað.
Vísad til athugasemda á umsóknarblaði.
- Bogahlíð 24-26** (01.714.104) 107257 Mál nr. BN050051
211085-3129 Magnús Þórður Rúnarsson, Bogahlíð 24, 105 Reykjavík
020686-4219 Berglind Stefánsdóttir, Bogahlíð 24, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að gera gat í vegg á milli eldhúss og stofu og breyta innra skipulagi í íbúð 0101 í fjölbýlishúsi á lóð nr. 24 við Bogahlíð.
Umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 2. október 2015 fylgir erindi.
Gjald kr. 9.823
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
- Borgartún 30** (01.231.101) 180387 Mál nr. BN050047
531094-2129 Rannsóknamiðstöð Íslands, Borgartúni 30, 105 Reykjavík
540269-6459 Ríkissjóður Íslands, Vegmúla 3, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að koma fyrir skilti á norðurhlið verslunar- og skrifstofuhúss á lóð nr. 30 við Borgartún.
Erindi fylgir samþykki meðeigenda dags. 24. september 2015.
Gjald kr. 9.823
Frestað.
Samkvæmt gögnum embættisins er lágmarksgjald ógreitt.

5. **Borgartún 30** (01.231.101) 180387 Mál nr. BN050050
 541005-1530 Þak fasteignafélag ehf., Borgartúni 30, 105 Reykjavík
 Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi í rými 0303 í verslunar- og skrifstofuhúsi á lóð nr. 30 við Borgartún.
 {Gjald kr. 9.823
Frestað.
Vísað til athugasemda eldvarnaeftirlits á umsóknarblaði.
6. **Borgartún 7** (01.216.305) 102761 Mál nr. BN050067
 690981-0259 Ríkiseignir, Borgartúni 7, 150 Reykjavík
 Sótt er um leyfi til að fjarlægja hringstiga og koma fyrir nýjum stiga miðsvæðis í rýminu, koma fyrir flóttaleið úr kjallara út á port og ýmsar minni breytingar vegna endurskipulags í kjallara og á 1. hæð í húsinu á lóð nr. 7 við Borgartún.
 Umsögn brunahönnuðar dags. 29.sept. 2015 og umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 6. okt. 2015 fylgir.
 Gjald kr. 9.823
Frestað.
Vísað til athugasemda eldvarnaeftirlits á umsóknarblaði.
7. **Borgartún 8-16A** (01.220.107) 199350 Mál nr. BN047928
 520613-1370 Höfðatorg ehf., Stórhöfða 34-40, 110 Reykjavík
 Sótt er um leyfi til að byggja steinsteypt tólf hæða fjölbýlishús með 80 íbúðum og verslunarrýmum á jarðhæð við Bríetartún, mhl. 09, merkt S1 í deiliskipulagi, á tveggja hæða kjallara sem tengist þegar byggðum bílakjallara á lóð nr. 8-16 við Borgartún.
 Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 10. október 2014 fylgir erindinu ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 9. október 2014.
 Einnig bréf frá umsækjanda varðandi staðsetningu sorpgeymslu dags. 22. október 2014, brunahönnun frá Eflu dags. 25. ágúst 2015 og yfirlit um nýtingarhlutfall á lóð dags. 15. september 2015.
 Stærðir: Kjallari -1, 1.001,6 ferm., kjallari 00, 1.042,2 ferm., 1. hæð 1.092,7 ferm., 2., 4. og 6. hæð 1.091,8 ferm., 3., 5., og 7. hæð, 1.078,9, 8. hæð, 505,6 ferm., 9. og 10. hæð, 495,6 ferm., 11. hæð, 478,3 ferm., 12. hæð 463,9 ferm. og 13. hæð 19,8 ferm.
 Samtals A-rými: 12.107,4 ferm., 41.244,6 rúmm.
 B-rými: 522,7 ferm., 1.548,6 rúmm
 C-rými: 145,7 ferm.
 Gjald kr. 9.500
Frestað.
Vísað til athugasemda sorphirðu á umsóknarblaði.
8. **Borgartún 8-16A** (01.220.107) 199350 Mál nr. BN049912
 531114-0190 Höfðavík ehf., Stórhöfða 34-40, 110 Reykjavík
 560192-2319 Eykt ehf., Stórhöfða 34-40, 110 Reykjavík
 Sótt er um leyfi til að byggja 7-9 hæða verslunar- og skrifstofuhús, H2 auk kjallara á þremur hæðum og tengibyggingu G2 á einni hæð sem tengir nýbygginguna við H1 til norðurs á lóð nr. 8-16 við Borgartún.
 Erindi fylgir brunahönnuraskýrsla frá Eflu dags. í ágúst 2015.
 Stærð A-rými: 13.418,1 ferm., 52.491,3 rúmm.
 B-rými: 0
 C-rými: 361,1 ferm.
 Gjald kr. 9.823
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
9. **Borgartún 8-16A** (01.220.107) 199350 Mál nr. BN049899
 450613-2580 Höfðahótel ehf., Stórhöfða 34-40, 110 Reykjavík
 Sótt er um leyfi til að breyta skráningu hótels Höfðatorgs á lóð nr. 8-16 við Borgartún.
 Gjald kr. 9.823
Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.

Skilyrt er að eignaskiptayfirlýsingu vegna breytinga í húsinu sé þinglýst til þess að samþykktin öðlist gildi.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilið samþykki Vinnueftirlits ríkisins.

10. **Brautarholt 4-4A** (01.241.203) 103021 Mál nr. BN049567
680504-2880 PK-Arkitektar ehf., Þórunnartúni 2, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að innrétta skrifstofuhúsnæði á jarðhæð, rými 0101 og að hluta til á 2. hæð í rými 0201, komið er fyrir svölum á suðurhlið, núverandi stigi fjarlægður og nýr stigi, opna á milli hæða og stækka húsið með því að taka í notkun innskot á norðurhlið í húsinu á lóð nr. 4 við Brautarholt.
Samþykki meðlóðarhafa á 4 og sumra meðlóðarhafa á 4A Brautarholt dags. apríl 2015.
Samþykki komið frá Ás styrktarfélagi.
Stækkun: 6 ferm., 19,2 rúmm.
Gjald kr. 9.823
Frestað.
Vísad til athugasemda eldvarnaeftirlits á umsóknarblaði.
11. **Drafnarstígur 5** (01.134.214) 100340 Mál nr. BN048561
010280-4789 Birgir Daníel Birgisson, Drafnarstígur 5, 101 Reykjavík
230781-3119 Margrét Rut Eddudóttir, Bandaríkin, Sótt er um leyfi til að byggja garðskála úr timbri á steiptum sökklí, og gerð er grein fyrir kjallara undir einbýlishúsi á lóð nr. 5 við Drafnarstíg
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 12. desember 2014 fylgir erindinu. Einnig umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 5. maí 2014, samþykki eiganda, samþykki lóðarhafa Drafnarstígs 5A og Bræðraborgastígs 12 dags. 6. október 2015.
Stækkun viðbygging: 9 ferm., XX rúmm.
Stækkun vegna áður gerðs kjallara: XX ferm. XX rúmm.
Gjald kr. 9.500 + 9.823
Frestað.
Vísad til athugasemda á umsóknarblaði.
12. **Dragháls 18-26** (04.304.304) 111022 Mál nr. BN050004
480714-2100 Lóuping ehf., Stórhöfða 34-40, 110 Reykjavík
Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á 1. og 2. hæð og sótt er um að byggja 3. hæð ofaná hús á lóð nr. 18-26 og 17-25 við Dragháls / Fossháls.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 9. október 2015 fylgir erindinu ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 9. október 2015.
Stækkun: XX ferm og XX rúmm.
Gjald kr. 9.823
Frestað.
Vísad til athugasemda á umsóknarblaði og umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 9. október 2015.
13. **Efstaland 26** (01.850.101) 108756 Mál nr. BN050069
570506-0210 Hugkaup ehf., Pósthólf 8455, 128 Reykjavík
711208-0700 Reitir fasteignafélag hf., Kringlunni 4-12, 103 Reykjavík
510907-0940 Reitir I ehf., Kringlunni 4-12, 103 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að innrétta gististað í flokki II, teg. gistiheimili fyrir allt að 50 gesti í 20 herbergjum á 3. hæð í verslunar- og skrifstofuhúsinu Grímsbæ á lóð nr. 26 við Efstaland.
Erindi fylgir samþykki eigenda dags. 7. október 2015.
Gjald kr. 9.823
Frestað.
Málinu vísad til umsagnar skipulagsfulltrúa.

14. **Efstaleiti 1** (01.745.401) 107438 Mál nr. BN050068
600307-0450 Ríkisútvarpið ohf., Efstaleiti 1, 150 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að setja upp tvo fjarskiptaskerma, 8 metra í þvermál á steypa þakplötu 1. hæðar á austurhlíð á húsinu á lóð nr. 1 við Efstaleiti.
Gjald kr. 9.823
Frestað.
Vísad til athugasemda á umsóknarblaði.
Málinu vísad til umsagnar skipulagsfulltrúa.
15. **Efstaleiti 9** (01.745.102) 176595 Mál nr. BN050030
530269-2649 Rauði krossinn á Íslandi, Efstaleiti 9, 103 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta brunamerkingum, sjá erindi BN046914, og fella út flóttaleiðamerkingu á aðalinngangi í húsi á lóð nr. 9 við Efstaleiti.
Gjald kr. 9.823
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.
16. **Esjuberg OR** (33.418.101) 223394 Mál nr. BN050062
501213-1870 Veitur ohf., Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að reisa dreifistöð O.R. nr. 200 við Esjuberg, landnr. 223394.
Stærð: 4,1 ferm., 11,3 rúmm.
Gjald kr. 9.823
Frestað.
Samkvæmt gögnum embættisins er lágmarksgjald ógreitt.
17. **Esjuhlíðar OR** (33.438.101) 223395 Mál nr. BN050060
501213-1870 Veitur ohf., Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að reisa dreifistöð O.R. nr. 527 við Esjuhlíð landnr. 223395.
Stærð: 4,1 ferm., 11,3 rúmm.
Gjald kr. 9.823
Frestað.
Samkvæmt gögnum embættisins er lágmarksgjald ógreitt.
18. **Eyjarslóð 5** (01.111.403) 100025 Mál nr. BN050065
711003-2070 Prikíð ehf, Bankastræti 12, 101 Reykjavík
470714-0930 Eyjarslóð 5 ehf., Hlíðasmára 8, 203 Kópavogur
Sótt er um leyfi til að breyta áður samþykktu erindi BN048792 þannig að komið er fyrir aðstaða fyrir starfsmenn á lager, innraskipulagi breytt og flóttaleið til norðurs bætt við og brunahólfun endurskoðuð í húsinu á lóð nr. 5 við Eyjarslóð.
Gjald kr. 9.823
Frestað.
Vísad til athugasemda á umsóknarblaði.
19. **Fossagata 2** (01.636.707) 106733 Mál nr. BN050070
660315-0120 Ágúst hinn mikli ehf., Fossagötu 2, 101 Reykjavík
110727-4889 Ágúst Ingimundarson, Furugerði 1, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja steinsteypt einbýlishús, kjallara, hæð og ris, einangrað að utan og klætt standandi borðaklæðningu á lóð nr. 2 við Fossagötu.
Erindi fylgir útreikningur á varmatapi dags. 6. október 2015 og lögð fram umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 21. apríl 2014.
Stærð A-rými: 216 ferm., 666,2 rúmm.
C-rými: 36,9 ferm.
Gjald kr. 9.823
Frestað.
Málinu vísad til umsagnar skipulagsfulltrúa.

20. **Friggjarbrunnur 42-44** (05.053.201) 205962 Mál nr. BN048498
 450997-2779 Bygg Ben ehf., Vesturlbr Fífilbrekku, 110 Reykjavík
 Sótt er um leyfi til að byggja steinsteipt fjölbýlishús, þrjár til fimm hæðir með 52 íbúðum, og bílakjallara fyrir 53 bíla á lóð nr. 42-44 við Friggjarbrunn.
 Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 13. febrúar 2015 fylgir erindinu ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. febrúar 2015, ásamt útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 7. ágúst 2015 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 5. ágúst 2015.
 Stærð A-rými: 6.079,8 ferm., 18.420,4 rúmm.
 B-rými: 1.901,5 ferm., þ.a. bílgeymsla 1.457,6 ferm.
 C-rými: 285,7 ferm.
 Samtals: 8.264 ferm.
 Gjald kr. 9.500
Frestað.
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
21. **Friggjarbrunnur 47** (02.693.402) 205817 Mál nr. BN050043
 501213-1870 Veitur ohf., Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík
 Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á samþykktu erindi BN048686 þannig að gólf gagnaveitu hefur verið lækkað um 700 mm á lóð nr. 47 við Friggjarbrunn.
 [Stækkun: 10,1 rúmm.
 Gjald kr. 9.823
Frestað.
Samkvæmt gögnum embættisins er lágmarksgjald ógreitt.
22. **Garðastræti 34** (01.161.009) 101190 Mál nr. BN050059
 040967-4789 Garðar Snorri Guðmundsson, Heiðarbakki 14, 230 Keflavík
 091070-5379 Fanney Petra Ómarsdóttir, Heiðarbakki 14, 230 Keflavík
 Sótt er um samþykki á reyndarteikningu af tvíbýlishúsi á lóð nr. 34 við Garðastræti.
 Gjald kr. 9.823
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
23. **Grettisgata 36** (01.190.008) 102346 Mál nr. BN049690
 221267-3979 Orri Vésteinsson, Grettisgata 36, 101 Reykjavík
 Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN046987, þannig að viðbygging breiðkar og hækkar og til að byggja svalir á rishæð einbýlishúss á lóð nr. 36 við Grettisgötu.
 Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 28. ágúst 2015 fylgir erindinu ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. ágúst 2015, bréf hönnuðar dags. 2. september 2015 og umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 7. júlí 2015.
 Stækkun frá fyrra erindi: 28 ferm., 80,9 rúmm.
 Gjald kr. 9.823
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.
Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.
Skilyrt er að yfirlýsingu um sameiningu eigna verði þinglýst fyrir útgáfu byggingarleyfis.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
24. **Gylfaflöt 9** (02.575.702) 109502 Mál nr. BN050064
 580804-2410 Landsnet hf., Gylfaflöt 9, 112 Reykjavík
 Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi í mhl. 01 þannig að komið er fyrir fundu- og símaherbergi í opnu vinnurými á 2. og 3. hæð og koma fyrir kaffistofu á 2. hæð í húsinu á lóð nr. 9 við Gylfaflöt.

Umsögn brunahönnuðar dags. 6. október 2015 fylgir erindi.
Gjald kr. 9.823
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

25. **Haukshólar 6** (04.643.006) 111921 Mál nr. BN050009
180569-4059 Benedikt Helgason, Sviss, Sótt er um leyfi til að taka í notkun óuppfyllt sökkulrými sem mun tilheyra íbúð 0201 og opna upp í íbúðina í húsi á lóð nr. 6 við Haukshóla.
Samtals stærð húss: 339,0 ferm., 1.007,3 rúmm.
Stækkun: xx ferm., xx rúmm.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 9. október 2015 fylgir erindinu ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. október 2015.
Samþykki meðlóðarhafa ódagsett fylgir erindi.
Gjald kr. 9.823
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verður þinglýst eigi síðar en við lokaúttekt.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
26. **Heiðargerði 21** (01.801.102) 107610 Mál nr. BN050005
240575-5749 Björn Brynjúlfsson, Heiðargerði 21, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja við austur- og vesturhlið úr steinsteypu, einangrað að utan, klætt standandi timburklæðningu hús á lóð nr. 21 við Heiðargerði
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 9. október 2015 fylgir erindinu ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 9. október 2015.
Stækkun: 39,5 ferm., 118,5 rúmm.
Gjald kr. 9.823
Synjað.
Með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 9. október 2015.
27. **Hellusund 3** (01.183.610) 101994 Mál nr. BN050055
630683-0929 JCI Ísland, Hellusundi 3, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN043290, innra skipulagi er breytt þannig að eldhús er innréttað í kjallara og björgunarop í kjallara eru stækkuð á einbýlishúsi á lóð nr. 3 við Hellusund.
Gjald kr. 9.823
Frestað.
Vísad til athugasemda á umsóknarblaði.
28. **Hljómalindarreitur - Tengingangur** Mál nr. BN050046
671106-0750 Þingvangur ehf., Hlíðasmára 9, 201 Kópavogur
Sótt er um leyfi til að byggja skábraut frá Smiðjustíg inná Hljómalindartorg, stoðveggi og sorpgeymslu sem mynda aðgengi að kjöllumurum á Laugavegi 13 og 19 og til að byggja tengingang frá kjallara Klapparstígs 30 og Laugavegs 17 undir torgið að neðanjarðarbílageymslu á Smiðjustíg 4.
Gjald kr. 9.823
Frestað.
Málinu vísad til umsagnar skipulagsfulltrúa og til umsagnar samgöngustjóra.
29. **Hólavað 29-43** (04.741.302) 198826 Mál nr. BN050035
520203-4270 Eignarhaldsfélagið Á.D. ehf., Akralind 2, 201 Kópavogur
